

Hlaðvarpsgerð 8.-10. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

10, 8, 9

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Hlaðvarpsgerð gegnir því hlutverki að efla upplýsinga- og tæknilæsi, stuðla að fjölbreytni í kennsluháttum og bæta aðgengi allra að námi við hæfi. Þar fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Nemendur þurfa að læra að nýta tæknina, átta sig á eðli hennar og uppbyggingu, auka skilning sinn á henni, t.d. með hönnun og þróun hugbúnaðar. Þannig styrkja þeir og hagnýta þekkingu sína á þessu sviði.

Námsaðlögun

Nemendur fá tækifæri til að vinna á eigin hraða og miðað við eigin getu.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Tjáning og miðlun

- Brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu.
- Beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.
- Notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

VS Lykilhæfni fyrir 8.-10.bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd.

VS Podcast 8.-10.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Podcast 8.-10.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.

VS Podcast 8.-10.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Unnið með heimildir og virt siðferði í heimildavinnu.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Beitt gagnrýnni hugsun við að veða og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.

VS Podcast 8.-10.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.

VS Podcast 8.-10.bekk - Sköpun og miðlun

- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

VS Podcast 8.-10.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.